Nesfréttir

NÓVEMBER 2022 • 11. TBL. • 35. ÁRG. • *borgarblod.is*

Erum einnig á visir.is

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Leikskólabörnin fyrir framan Seltjörn.

Leikskólabörn heimsækja Seltjörn

Elstu leikskólabörnin á Nesinu, 50 að tölu komu í heimsókn á hjúkrunarheimilið Seltjörn í liðinni viku.

Börnin sungu nokkur lög, sem vakti mikla hrifningu meðal heimilismanna. Þau stóðu sig með prýði og sumir hittu afa sinn og ömmu. Fallegt bros færðist yfir andlit heimilisfólksins þegar börnin komu í heimsókn, sem er svo ánægjulegt að sjá.

Mikilvægt er að leyfa kynslóðunum að hittast.

errea

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SVARTUR FÖSSARI
Tilboðin gilda í verslunum ELKO Granda, Skeifu, Lindum og á Akureyri
og í vefverslun ELKO, Skoðaðu öll tilboðin á elko.is.
ELKO

Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings
Hagstætt verð
REYKJAVÍKUR APÓTEK
Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. **S: 511 1188 • 895 8298**
RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Kristján Jóhannsson
BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson **UMBROT:** Valur Kristjánsson
NETFANG: borgarblod@simnet.is • **HEIMASÍÐA:** borgarblod.is
Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Óbreytt útsvarsprósenta

Í drögum að fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði óbreytt 14,09.

Útsvarsprósenta var hækkuð í desember á liðnu ári úr 13,70 í núverandi prósentuhlutfall.

Þáverandi meirihluti bæjarstjórnar klofnaði um málið. Á meðan sumir bæjarfulltrúar töldu ófært að að hvika frá lægri útsvarsprósentu vildu aðrir fara þessa leið til þess að ná betri tökum á fjármálunum.

Rekstur sveitarfélaga er erfiður um þessar mundir. Gildir þar einu hvort um Seltjarnarnesbæ, Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög vítt og breytt um landið er að ræða.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru ákvarðaðir af ríkisvaldinu. Hið sama ríkisvald úthlutar síðan verkefnum til sveitarfélaganna.

Fjármagn hefur í ýmsum tilvikum ekki fylgt þessum verkefnum og sveitarfélögin hafa litla möguleika til að auka tekjur sínar til að mæta vaxandi rekstrarkostnaði.

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur áttað sig á þessari staðreynd. Hún tekur fjárhagsstöðu og rekstur bæjarfélagsins fram yfir trúarbrögð um að útsvarsprósentan þurfi að vera sú lægsta á landinu.

Vel má vera að fjárhagsstaðan fari batnandi á komandi tímum. Þá mun ef til vill gefast tækifæri til þess að færa útsvarsprósentuna niður á nýjan leik.

Fjárhagsáætlunin er krefjandi

- segir Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri

Nesfréttir höfðu samband við Þór Sigurgeirsson bæjarstjóra og inntu hann eftir því hvað væri að gerast hjá bæjarfélaginu um þessar mundir. Hann segir stóra málið þessa dagana vera gerð fjárhagsáætlunar. Allar aðstæður séu mjög krefjandi. Verðbólgan sé á sveimi og ýmis óvissa sem þurfi að takast á við.

Þór Sigurgeirsson.

Hann segir að mikið sé spurt eftir því að bæjaryfirvöld setji fjármagn í að koma endurbyggingu Félagsheimilisins af stað. Nú sé verið að leita leiða til að svo megi verða. Ánægjulegt sé að sjá að fyrsta fjölbýlishúsið í Gróttubyggð sé að rísa upp úr jörðinni og gera verði ráð fyrir við hafist verði handa við fleiri á næstunni. Þór segir að enn sé unnið við viðgerðir á malbiki þar sem skemmdir eru mestar. “Við verðum að nota góðu tíðina á meðan hún endist,” segir hann, Þá megi einnig nefna jólaskreytingarnar. Áætlað sé að reyna að bæta við fleiri stöðum þar sem skreytt verður en í því efni er hlustað á ábendingar frá bæjarbúum. “Svo má ég ekki gleyma einu sem skipta mun okkur máli til frambúðar. Ný heimasíða bæjarfélagsins verður opnuð með pompi og prakt 1. desember næst komandi.”

www.systrasamlagid.is

DAGSKRÁ DESEMBER 2022

17. nóv. – 10. des.

GALLERÍ GRÓTTA

SÝNING
Jón S. Thoroddsen mynd-listarmaður sýnir **FLEIRI VERK.**

1. – 31. des.

JÓLARATLEIKUR

TAKTU ÞÁTT!
Á bókasafninu eru jólasveinar að fela sig. Ef þú finnur þá alla gætir þú fengið glaðning!

5. des. kl. 19:30 – 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Sigríður Hagalín fjallar um og les upp úr bók sinni **Hamingja þessa heims – Riddarasaga.**

Hér skrifar Sigríður um riddara, skáld, sjóræningja og kvenskörunga! Kaffi og kruðerí.

5. des. kl. 20:00 – 22:00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Nánar á FB: **SelGARNanes og nágrenni.**

7. des. kl. 17:00 – 18:30

JÓLATÓNSTAFIR – JÓLAHÁTÍÐ – JÓLASVEINAR

Skólalúðrasveit tónlistarskólans, Sverrir Hjaltason og **Kári Einarsson**

Skemmtilegustu jólasveinarnir koma í heimsókn og skemmta sér og börnunum eins og þeim einum er lagið.

10. des. kl. 11:00 – 14:00

JÓLAFÖNDUR

Sæunn barnabókavörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt jólaföndur.

14. des. kl. 16:30 – 17:00

JÓLASÖGUSTUND

FYRIR YNGSTU BÖRNIN
Lesnar verða jólasögurnar **Jóladýrin** eftir Gerði Kristnýju og Brian Pilkington og **Þrettán dagar til jóla** eftir Brian Pilkington.

15. des. kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Hulda Vilhjálmsdóttir og **Jón Magnússon** opna samsýningu sína **Móðurást**. Sýningin stendur til 14. janúar 2023.

ATH! Bókasafnið verður **LOKAÐ** föstudaginn **2. desember** vegna starfsmannafundar.

Jól: Lokað 24. – 26. desember

Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is Bókasafn Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness

Fjöldi fólks samfagnaði séra Bjarna sextugum

Svana Helen Björnsdóttir, séra Bjarni Þór Bjarnason og Þór Sigurgeirsson.

Fjöldi fólks kom í Seltjarnarneskirkju 15. nóvember sl. til að heiðra og samfagna sr. Bjarna Þór Bjarnasyni sóknarpresti sem var sextugur. Sr. Bjarni Þór hefur verið prestur í Seltjarnarneskirkju í 11 ár og samfélagið á Nesinu hefur notið góðs af elskusemi hans, hugmyndaauðgi og framkvæmdasemi í kirkjustarfinu. Hann hefur gert kirkjuna að öðru heimili Seltirninga sem þeir sem njóta þjónustu hans kunna að meta.

„Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju færir sr. Bjarna Þór alúðarþakkir fyrir trúmennsku, kærleiksríka þjónustu og frábært samstarf. Guð gefi honum og fjölskyldu hans bjarta og hamingjuríka framtíð. Vonandi megum við á Nesinu njóta starfskrafta sr. Bjarna Þór enn um langa hríð, segir í frétt frá nefndinni. Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri ávarpaði afmælisbarnið og sló á létta strengi. Séra Bjarni Þór gómaði hann þó á skemmtilegan hátt og fékk hann til að flytja hátíðarræðu í messu á næst komandi Nýársdag kl. 14 í kirkjunni.

Nágrannar ósáttir við breytingar á Skólabraut 10

Skólabraut 10.

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa gefið grænt ljós á að húsi á lóðinni Skólabraut 10 verði breytt. Þar hefur um áratugaskeið verið rekið sambýli en húsið var nýlega selt og til stendur að breyta fasteigninni í níu íbúða fjölbýlishús. Nágrannar hafa fundið að þessum áformum. Telja þeir þau of umfangsmikil og einnig að kynningu hafi verið ábótavant.

Á vef Seltjarnarnesbæjar má sjá að breytingin feli í sér að gera níu íbúðir í húsinu sem hefur í för með sér breytingar á innra fyrirkomulagi og ásýnd húss. Þar segir að allar breytingar séu byggðar á núverandi burðarkerfi húss og þar með ekki verið að stækka grunnflöt byggingarinnar. Auk þess verði farið í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á fasteigninni ásamt því að svalir verða gerðar fyrir íbúðir á annarri hæð á norður og suðurhlið. Núverandi utanáliggjandi stigi verði fjarlægður og byggt nýtt stigahús með lyftu og góðum inngangi á austurhlið til að bæta aðgengismál og uppfylla núverandi kröfur byggingarreglugerðar. Gerðar verði breytingar á þakformi þriðju hæðar sem verði einhalla þak sem lækkar til norðurs til að draga úr skuggamyndun á lóð nr. 9 við Kirkjubraut. Gert er ráð fyrir einu bílastæði á íbúð og verða bílastæði áfram innan lóðarmarka.

60 ár í Vesturbæ

Heitt á könnunni og kræsingar með því í tilefni afmælis Vesturbæjarútibúsins, 1. desember.

LANDSBANKI ÍSLANDS

OPNAR Í DAG NÝTT ÚTIBÚ Í HÚSI HÁSKÓLABÍÓS VIÐ HAGATORG

VESTURBÆJARÚTIBÚ

Útibúið mun annast sparisjóðs- og hlaupareikningsviðskipti. Það mun og hafa með höndum afgreiðslu og hvers konar fyrirgreiðslu vegna annarra útibúa bankans og aðalbankans.

Sparisjóðsbækur verða í litlu broti, vélritaðar.

Sparibaukar ávallt fyrirliggjandi. Leðurveski, hentug fyrir tékkhefti.

Afgreiðslutími verður kl. 10–15 og kl. 17–18,30, nema á laugardögum kl. 10–12,30. Sími 11624.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Auglýsing hér að ofan birtist í Vísi, 1. desember 1962.

Vinnuhópur um byggingu leikskóla

- minnihluti bæjarstjórnar leggur fram spurningar

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og óháðra hafa lagt fram fyrirspurn um vinnuhóp vegna byggingu nýs leikskóla á Seltjarnarnesi. Þar segir að eitt af stóru málum síðustu kosninga hafi verið bygging á nýjum leikskóla sem lengi sé búið að bíða eftir. Á þeim tíma sem nú er liðinn af kjörtímabilinu hafa fulltrúar Samfylkingar og óháðar ekki orðið var við að mikið sé að gerast í þessum málum og engar hugmyndir verið kynntar fyrir þeim. Því hafi verið áhugavert að heyra af fundi foreldrafélags leikskólans þar sem upplýst var að starfandi leikskólastjóri væri búin að sitja marga fundi í nefnd um málefni hins nýja leikskóla og að málum miðaði vel áfram.

Spurningarnar sem bæjarfulltrúar Samfylkingar og óháðra eru þessar:

Hvað hefur þessi nefnd/starfshópur starfað lengi?

Hverjir sitja í þessari nefnd og hvernig var valið í nefndina?

Hversu margir fundir hafa verið haldnir?

Hvenær verða fundargerðir lagðar fram í bæjarstjórn til kynningar?

Eru greidd laun fyrir setu í nefndinni?

Liggur erindisbréf nefndarinnar fyrir?

Stangast þetta ekki á við bæjarmálasamþykkt að skipa í svona nefnd án þess að það fari fyrir bæjarstjórn og án aðkomu fulltrúa minnihlutans. Í bæjarmálasamþykkt kemur einnig fram að kjósa skal í nefndir á vegum bæjarins í samræmi við 44. og 45. grein sveitarstjórnarlaga um hlutfallskosningu sem tryggir aðkomu minnihluta á nefndum og ráðum.

Í svörum meirihluta kemur fram að vinnuhópur um byggingu leikskóla hafi tekið til starfa í júlí. Ragnhildur Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar kvaðst hafa kallað hópinn saman en hann skipa auk hennar Örn Viðar Skúlason, Baldur Pálsson, Brynjar Þór Jónasson og Margrét Gísladóttir. Hún kveðst hafa valið í hópinn sviðsstjóra málaflokksins auk sviðsstjóra Eignasjóðs, settan leikskólastjóra og áhugafólk um hraða uppbyggingu hagkvæms notadrjúgs húss.

Hugmynd að nýjum Leikskóla á horni Nesvegar og Suðurstrandar.

Haldnir hafi verið átta fundir ef mér telst rétt til. Um óformlegan vinnuhóp um þarfagreiningu sé að ræða og ekkert hafi verið greitt fyrir þátttöku í honum.

Ekkert erindisbréf liggi fyrir enda hafi hópurinn ekki verið formlega skipaður.

170 SEL

RÁÐAGERÐI

JÓL Í RÁÐAGERÐI

Fram að jólum verður dýrindis jólaseðill Ráðagerðis
í boði fyrir þá sem bóka fyrirfram í síma 546 1700.

. . .

JÓLASEÐILL RÁÐAGERÐIS

(Hægt að fá seðilinn vegan)

Rauðrófu grafinn lax með piparrótarkremi og radísum

Bakaður geitaostur með hátíðarsalati Ráðagerðis

Lamba prime með sætkartöflumús, kirsuberjapúrtvínssósu og mandarínusalati

Hátíðar Tiramisu

9.900 kr.

. . .

Komið og eigið notalegar stundir í einstöku umhverfi.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár frá okkur öllum í Ráðagerði.

TOYO TIRES · PIRELLI · Laufenn Journey in Style · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG · INTERSTATE TIRES · DOUBLECOIN

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi við misjöfn aksturssskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð. Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

Nesdekk
Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Viðtal við Árna Árnason Hafstað

Jákvæðar viðtökur hafa hjálpað mér

Vaðfuglar vaða
í vatni og sjó
Til að ná í æti.
Þá er gott að hafa langa fætur,
langan háls og langt nef.

Þannig tengir Árni Árnason Hafstað vaðfugla við bókstafinn V í nýútkominni bók sinni Stafróf fuglanna. Í bókinni tengir hann bókstafi í íslenska stafrófinu við tiltekinn fugl og birtir myndir af fuglum við hvern texta. Árni hefur stundað fuglaljósmyndun um langt skeið meðfram öðrum störfum störfum. Útgáfumálum, þýðingum og kennslu. Um lundann hefur hann þetta að segja.

Lundi er með litríkt nef.
Lundi flýgur hratt
Og syndir líka hratt i kafi.
Hann veiðir mörg síli
Í hverri veiðiferð.

Eins og titill bókarinnar gefur til kynna er um að ræða kver ætlað yngstu kynslóðinni þar sem hægt er að kynnast stöfunum og íslensku fuglalífi á einu bretti. Þótt bókin sé einkum ætluð yngstu lesendunum ættu flestir að geta haft gaman af henni. Í henni er að finna ýmsan fróðleik. Ekki síst þann sem ljósmyndirnar bera í sér. Árni kveðst forfallinn áhugamaður um fugla og fuglamyndun hefur verið honum ástríða um árabil. Hann segir að sér hafi fundist vanta miðlun á þessum fallega þætti í íslenskri náttúru til barna og þá ekki síst yngri barna. „Ég leyfði mér að fara aðeins í kringum þetta. Við höfum ekki bókstaf fyrir hvern fugl. Ég notaði til dæmis orðið „vaxa“ fyrir X-ið og „nábýli“ fyrir N-ið og svo framvegis,“ útskýrir hann þegar hann er sestur með kaffibolla ásamt tíðindamanni á Iðu Zimsen bókakaffi neðst á Vesturgötunni.

„Í tengslum við kennslu mína hef ég skrifað ýmsar bækur fyrir krakkana sem ég er að kenna, svo það má segja að þetta sé rökrétt framhald af því,“ segir hann. „Dýr og fuglar eiga greiðan aðgang að hjörtum barna sem eru náttúrlega forvitin fyrir því sem er að gerast í umhverfi þeirra. Því þá ekki að taka þetta inn frá því að þau byrja að læra að lesa,“ segir Árni.

Hefur gefið út margar kennslubækur fyrir krakka

Árni Árnason Hafstað er Seltirningur að uppruna og gekk í Mýrarhúsaskóla. Hann kenndi síðar lengi við skólann. Kveðst hafa lokað hringnum þar. Kennt við sama skóla og hann var nemandi við á árum áður þegar hann ólst upp á Seltjarnarnesi. Hann hefur gefið út fjölmargar kennslubækur fyrir krakka og heggur að vissu leyti í þann knérunn með bókinni Stafróf fuglanna. Árni hefur um langt skeið stundað fuglaljósmyndun og hefur haldið sýningar á myndunum sínum.

Lokaði hringnum í Mýrarhúsaskóla

”Ég er fæddur í Reykjavík en foreldrar mínir fluttu á Nesið þegar ég var tveggja ára. Ég átti heima þar fram til tvítugs. Þar hófst skólaganga mín. Ég náði því að vera í Gamla Mýrarhúsaskóla. Ég var þar í fyrstu þremur bekkjunum. Þótt ég flytti af Seltjarnarnesi þá hef ég verið viðloðandi Vesturbæinn í Reykjavík nánast alla tíð. Í næsta nábýli við Nesið.” En svo fór Árni að kenna á Nesinu. Við gamla skólann sinn Mýrarhúsaskóla. ”Já, en það var frekar seint sem ég dróst inn í það. Ég byrjaði að kenna þar árið 2001 og er þar til 2019 eða í 18 ár þar til starfsferlinum lauk.” En hvernig stóð á því að Árni fór að kenna á Seltjarnarnesi. Hann segir að Regína Höskuldsdóttir hafi eiginlega dregið sig þangað. ”Ég hafði verið að vinna við útgáfustörf og hitti hana

Árni Árnason með myndavélina

Þessi mynd af Krumma er tekin við golfvöllinn á Seltjarnarnesi, þar sem hann hefur nælt sér í eina golfkúlu.

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is
Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Tildrur við Suðurnes.

Tjaldur með unga við Bakkatjörn.

Þessi mynd af Spóa er tekin í Ölfusi.

í samkvæmi. Hún tók mig með töngum og réði mig á staðnum. Ég hafði þá ekkert kennt í 16 ár en hana vantaði kennara og ég hugsaði að ég gæti látið á það reyna hvort ég hefði nokkru gleymt. Ég byrjaði að kenna um haustið og fann að kennslan hentaði mér mjög vel."

Talsvert mál að koma sér upp nýjum búnaði

Árni hefur lengi verið með myndavélina á lofti. Starfaði meðal annars hjá fyrirtæki þar sem hann fékkst við ljósmyndavörur. Hann segir að þegar stafræna tæknin hafi rutt sér til rúms og filman horfið að mestu hafi orðið nokkurt hlé hjá sér. Talsvert mál hafi verið að koma sér upp nýjum búnaði með þeirri tækni og önnur verkefni hefðu setið fyrir um tíma. Þar á meðal uppeldisstörf enda börn sín þá verið á unga aldri. "En svo kom að því að ég lét til skarar skríða og kom mér upp myndavélabúnaði með stafrænni tækni. Ég hef verið að taka starfrænar myndir síðustu tvo áratugina. Ég byrjaði með litlar vélar en fikraði mig svo áfram í átt til þess sem við getum kallað alvöru búnað."

Öflug Nikon vél með aðdrætti

Árni er með öfluga Nikon vél meðferðis með langri aðdráttarlinsu. Nokkuð sem er nauðsynlegt þegar menn stunda fuglaljósmyndun af ástríðu. Hann segir þetta góðan búnað og hann sé ekki óviðráðanlegur þegar hugað er að kostnaði og ekki eins þungur og ætla mætti. Hann er ekki það þungur að ég þurfi þrífót undir myndavélina." Árni kveðst hafa myndað ýmislegt áður en áhuginn á fuglaljósmyndun heltók hann eins og hann kemst að orði. "Ég var að mynda flest annað en fugla. Svo fékk ég mér 400 millimetra linsu og með henni komst ég aðeins nær myndefninu. Og þá var ekki aftur snúið." Árni kveðst alla tíð hafa verið heillaður af fuglum þótt hann hafi ekki farið að mynda þá fyrr en á seinni árum. "Fuglarnir eru sérstök fyrirbæri í náttúrunni og þeir hafa alltaf heilla mig. Þegar ég fór að ná meiri tökum á fuglaljósmyndun varð þetta stöðugt áleitnara áhugamál. Atferli fugla segir okkur mikið. Öll ferðalög þeirra til og frá landinu sem ekki hefur tekist að skýra fyllilega. Til dæmis ratvísi þeirra um langar leiðir.

Framhald á bls. 10.

Framhald af bls. 8 og 9.

Yfir hafi. Og einnig mismunandi búsvæði þeirra eftir árstíðum. Hvað segir þeim fyrir um þennan lífsstíl og hvernig bera þeir sig að. Hvað stýrir þeim. Óskiljanlegt er hvernig litli fuglar geta komið hingað á eyju lang út í hafi ár eftir ár. Og koma aftur og aftur á sömu staðina. Þetta snýst um margt. Um fluggetuna. Hvernig súrefisupptöku þeirra er háttað og hvernig þeir geta nýtt þann næringarforða sem þeir hafa því ekki er um mikla fæðuöflun að ræða á löngu stöðugu flugi yfir úthafinu." Árni tekur dæmi um spóann sem flýgur í einni lotu allt frá Vestur Afríku hingað til lands. Flugleið sem er álíka löng og héðan til Kanaríeyja. Árni segir að mönnum hafi ekki tekist að skilgreina hvað stýrir ratvísi þessara fugla. "Þetta er leyndardómur sem gerir fuglafræðin meira spennandi en annars væri. Maður er endalaust að furða sig á tækni þessara fugla og getu." Árni segir að fuglar hafi verið að setjast hér að á undanförnum árum sem ekki hafi haft hér búsvæði áður. Hann nefnir dæmi um svartþröstinn sem er sestur hér að og hefur gert sig gildandi. "Hann þekktist ekki hér á landi fyrir 1990 nema sem einn og einn flækingur. Krossnefurinn er einnig sestur að hér og glókollur. Eflaust eiga fleiri fuglar eftir að koma hingað og setjast að." Árni segir að þetta kunni að stafa að hlýnun. Hlýrra loftsala dragi fuglana til nýrra svæði. Annað dæmi um það sé lóan. Hún sé farin að hafa vetursetu hér á landi sem ekki hafi áður verið svo vitað sé. Ég veit ekki hvort þessi viðdvöl hennar hafi verið rannsökuð. Ég hef verið að mynda lóur og lóuhópa nú að undanförnu á Seltjarnarnesi. Nokkuð sem ekki sást hér áður fyrr. Þær sækja í fjörurnar til að finna sér æti. Hér áður fyrr voru hrafnar, mávar og dílaskarfur, auk æðarfugls og sendlings áberandi yfir vetrartímann en nú getur maður líka átt von á að rekast á tildru, stara, stelk og lóu í fjörum hér suðvestan lands yfir vetrarmánuðina."

Jákvæðar viðtökur hafa hjálpað mér

Árni hefur ekki eingöngu verið að mynda fugla og kenna. Hann hefur einnig komið að skrifum og útgáfu bóka. "Ég hef verið að fást við skriftir. Byrjaði um 1985. Þetta hefur komið svona sjálfkrafa með kennslunni. Ég hef einkum verið að fást við það sem getum kallað léttara efni. Einkum ætlað yngri lesendum og jafnvel þeim yngstu. Svona eins og Stafróf fuglanna ber með sér. Ég hef einkum kennt á miðstiginu í gegnum tíðina og einnig yngri krökkum. Ég hef alltaf fundið fyrir því að vantað lesefni til þess að fleyta þeim áfram. Heimatökin hafa verið hæg og sumt hefur skilað sér í bækur og annað ekki. Ég hef líka þýtt talsvert af efni fyrir þessa hópa. Ég hef reynt að hafa textann eins einfaldan og hægt er. Miða hann við lestrarkunnáttu þeirra yngstu. Eitt af því sem ég hef fundið er að börn eru forvitin um náttúruna og umhverfi sitt. Ég er með drög að handriti sem gæti orðið gott framhald af Stafrófi fuglanna. Ég er með mikið af myndum sem ég hef ekki notað.

Fínar myndir af tegundum sem urðu út undan við undirbúning hennar. Ég sé fyrir mér að hún muni ganga upp. Jákvæðar viðtökur hafa hjálpað mér við að halda áfram við útgáfumálin."

Fermingarbörn báru hita og þunga af messu á feðradaginn

Fermingarbörn báru hita og þunga dagsins og sáu með annars um kirkjubasar

Fermingarbörnin á Seltjarnarnesi báru hita og þunga af messu og messukaffinu í Seltjarnarneskirkju 13. nóvember sl. Þau stóðu sig frábærlega vel, lásu ritningarlestra og í tilefni af feðradeginum fengu allir karlmenn, bæði ungir og aldnir Twix-súkkulaðikex sem presturinn sr. Bjarni Þór hafði séð um að kaupa í tilefni dagsins.

Sverrir Arnar og Kári Húnfjörð fluttu tónlist.

Sverrir Arnar Hjaltason lék á básúnu og Kári Húnfjörð Einarsson, skólastjóri í Tónó, lék undir á píanó. Tónlistarflutningurinn tókst mjög vel. Fermingarbörnin sáu um kirkjubasar og kaffisölu að lokinni messu. Allur ágóðinn rennur til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar innan lands nú fyrir jólin. Það var skemmtileg kaffihúsastemmning í kirkjunni eins og sjá má af meðfylgjandi myndum sem rétt náðist að taka í lok kaffisölunnar.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!
www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Vangaveltur

Þór Sigurgeirsson.

Þeir sem lásu síðasta tölublað Nesfrétta tóku margir hverjir eftir leiðara blaðsins. Þar var sagt að óstaðfestar fregnir Nesfrétta hermdu að áhugi væri innan bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar á að flytja skrifstofur bæjarins frá Austurströnd 2 og á Eiðistorg. Nesfréttir telja að ef rétt reynist þá séu um einhver áhugaverðustu tíðindi síðustu ára hér í bæ svo vitnað sé beint í leiðarann.

Nesfréttir eru auðvitað á tánum í þessu máli sem og öðrum. Blaðamaður Nesfrétta sá sem sagt til undirritaðs skoða húsnæðið sem áður hýsti útibú Íslandsbanka. Það er hinn óstaðfesti áhugi innan bæjarstjórnar en engin umræða um þessar tilteknu vangaveltur mínar hefur hins vegar farið fram á hinum pólitíska vettvangi bæjarmálanna.

Er kannski kominn tími til að breyta?

Ég er sem sagt með hugmynd sem gaman er að velta hér upp með lesendum Nesfrétta. Þannig er að bæjarskrifstofurnar hafa verið til húsa að Austurströnd 2 frá árinu 1989 en þær fluttu þangað úr Gamla Mýrarhúsaskóla þegar að blokkirnar voru byggðar. Aðstaðan er orðin barn síns tíma og hentar að mörgu leiti illa undir starfsemi bæjarins í dag. Flest allt innandyra er upprunalegt og löngu komin tími á endurnýjun af mörgum ólíkum ástæðum. Sem dæmi þá fara margir fermetrar innandyra til spillis þar sem þeir nýtast ekki, annar helmingur húsnæðisins er algjörlega gluggalaus og aðgengismálum hefur verið ábótavant svo nokkuð sé nefnt.

Það sem ég hef verið að velta fyrir mér og deili hér með lesendum er hvort að gott ráð væri að flytja bæjarskrifstofurnar í fyrrnefnt húsnæði á Eiðistorgi. Það rými getur staðið bænum til boða með hagfeldum leigusamningi til áratuga ef vilji er fyrir hendi. Það hefur lengi verið stefna og vilji flestra ef ekki allra hér á Nesinu að auka veg og vanda Eiðistorgs. Það sem að mínu mati getur unnist með breytingu sem þessari er m.a. eftirfarandi:

- Bæjarskrifstofan færi nær bæjarbúum og sýnileiki stjórnsýslunnar eykst
- Skapar betra aðgengi fyrir alla og fjölgar heimsóknum
- Bæti og nútímavæðir aðstöðu starfsfólks og viðskiptavina
- Býr til enn meiri tengingu við Bókasafnið sem er okkar menningarmiðstöð
- Eykur til muna líf á Eiðistorgi sem styrkir starfsemina þar og eflir tengslin
- Samfélagslega hagkvæmt að hafa stjórnsýsluna þar sem fólkið er

Hvað með Austurströndina?

Ég sé fyrir mér að efri hæð bæjarskrifstofunnar yrði seld til að losa um fjármagn en sú hæð er í raun tvær samliggjandi íbúðir. Seltjarnarnesbær myndi áfram eiga jarðhæðina en þeirri hæð er auðveldlega hægt að skipta upp í tvær einingar. Hluti rýmisins gæti hýst skrifstofu skipulagsfulltrúa og aðstöðu starfsmanna Þjónustumiðstöðvar sem nú er í leiguhúsnæði við Austurströnd. Í hluta húsnæðisins væri til dæmis mögulegt að útbúa fundaaðstöðu fyrir Félagsþjónustu sem vitað er að vantar aðstöðu.

Hvað finnst þér kæri lesandi?

Þessar vangaveltur mínar eru enn, eins og áður segir, bara á hugmyndastigi en persónulega finnst mér hugmyndin alltaf verða betri og betri því fleiri anga hennar sem ég skoða. Mér þætti áhugavert að heyra skoðun bæjarbúa á þessum pælingum og tek því fagnandi fái ég senda línu þessu tengt á thor@seltjarnarnes.is eða símtal í 780 7777.

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri.

AS WE GROW
Hugsum um börnin og umhverfið

WWW.ASWEGROW.IS
KLAPPARSTÍGUR 29 REYKJAVÍK

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM
HERO
ISO FIX
SIDE
3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

SÍÐUSTU DAGAR OG VIKUR

Ýmsir skemmtilegir viðburðir hafa verið í félagsstarfinu undanfarnar vikur. Þar sem ekki gat orðið af bingóinu okkar í golfskálanum að þessu sinni þá sameinuðumst við þriðjudagsdagskránni í safnaðarheimili kirkjunnar og úr varð ánægjulegur dagur með myndagátum, bingói og skemmtilegri samveru. Í lok október var farið í heimsókn alla leið á Eiðistorg, á listvefnaðarsýningu Þorbjargar Þórðardóttur í Gallerí Gróttu. Eftir að hafa skoðað fallega sýningu var gengið yfir á Kaffi Örnu þar sem allir nutu góðra veitinga.

Í byrjun nóvember var svo boðið upp á sýningu á gömlum ljósmyndum á breiðtjaldi í Hátíðarsal Gróttu. Leifur Reynisson, sagnfræðingur fór yfir sjötta áratug síðustu aldar í máli og myndum og spunnust skemmtilegar umræður og rifjaðar voru upp minningar fólks frá þessu tímabili. Ákveðið var að fá Leif aftur í heimsókn með vorinu þar sem ljóst er að mikið safn ljósmynda er til frá miðri síðustu öld sem gaman væri að sjá og rifja upp. Þriðjudaginn 15. nóvember var svo sameiginleg haustferð félagsstarfsins og kirkjunnar og var ferðinni að þessu sinni heitið í Hafnarfjörð. Heimsóknin hófst í Hafnarfjarðarkirkju þar sem tekið var þátt í kyrrðarstund og hlustað á fallega orgeltónlist. Í safnaðarheimilinu bauð kvenfélagið og starfsfólk upp á léttan hádegisverð. Sr. Sigurður og Kristín stóðu fyrir fjöldasöng og Ólafur Þ. Harðarson, sagnfræðingur sagði skemmtilegar hafnfirskar sögur af sér og öðrum. Eftir þessa samveru var farið á Byggðasafn Hafnarfjarðar þar sem boðið var upp á fræðslu og leiðsögn um húsakynni byggðasafnsins, þ.e. Pakkhúsið, Sívertsenhúsið og Beggubúð. Skemmtileg og vel heppnuð ferð.

SKÍÐASKÁLINN

25. nóvember. Enn eru nokkur sæti laus í jólastemninguna í Skíðaskálanum í Hveradölum, en föstudaginn 25. nóvember er ferðinni heitið þangað. Í boði er rútuferð fram og til baka, fordrykkur, hlaðborð og skemmtun. Upplagt að taka með sér gesti. Skráning og nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800. Þriðjudaginn 29. nóvember verður dagskrá fyrir eldri borgara í kirkjunni kl. 13.00 og þá verður boðið upp á kótilettur. Verð kr. 3.000.- Skráning.

AÐVENTAN

JÓLAFÖNDUR: Alla mánudaga og miðvikudaga í desember er handavinna og samvera í salnum á Skólabraut milli kl. 13.00 og 16.00. Á þessum stundum á aðventunni verður boðið upp á alls konar jólaföndur og hvetjum fólk til að fjölmenna.

Miðvikudagur 7. desember kl. 13.00 í salnum á Skólabraut. Margrét Kjartansdóttir segir frá dvöl sinni á Indlandi og sýnir myndir frá lífinu þar. Sýning og sala á indverskum sjölum. Allir velkomnir.

Fimmtudagur 1. desember kl. 13.30. Félagsvist í salnum á Skólabraut.

Fimmtudagur 8. desember kl. 13.30. Jólabingó í salnum á Skólabraut.

Þriðjudaginn 8. desember kl. 17.00 og 19.00. Jólaljósaferð. Sameiginleg ferð með félagsstarfinu á Aflagranda. Síðan verður komið við í Ráðagerði nýju veitingahúsi úti við Gróttu. Örfá sæti. Skráning.

SÖNGUR OG SÚKKULAÐI. Opið hús í salnum á Skólabraut mánudaginn 19. desember milli kl. 14.00 og 17.00. Fáum til okkar nemendur Tónlistarskóla Seltjarnarnes sem spila nokkur jólalög. Upplestur og fleira. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og fleira góðgæti. Allir hjartanlega velkomnir. Minnum á alla aðra fasta dagskrárliði og námskeið skv. dagskrárblaði. Einnig minnum við alla á að fylgjast með dagskrá bókasafnsins.

Vegna undirbúnings vorannar félagsstarfsins hvetjum við fólk til samstarfs við okkur varðandi dagskrá og þátttöku. Vinnum saman að góðum hugmyndum. Aðstaða félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa er á Skólabraut 3-5 og þangað eru allir velkomnir

BÓKAÐ MÁL

Orð

Það er komið langt fram í nóvember. Hundvotur ferðamaður reynir að borga fyrir strætóferð með glænýjum tíuþúsundkalli og þegar bílstjórinn bandar frá sér himinbláum seðlinum sé ég glitta í lóuna á bakhliðinni og hugsa um hversu ægilega langt er til næsta vors. Þegar maðurinn vöðlar peningnum svo saman og treður í veskið sitt sé ég krumpað andlitið á þjóðskáldinu Jónasi og hugsa með söknuði til sumarsins ...

er hin mæra sól

hátt í heiði blikar

Þetta gæti orðið langur vetur.

Í síðustu viku var dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Það er vel við hæfi enda fáir ef einhverjir haft jafn mikil áhrif á íslenskuna.

Jónas er auðvitað þekktastur sem skáld en framlag hans til íslenskrar tungu felst þó ekki síður í nýyrðasmíði þar sem enginn stendur honum á sporði. Jónas bjó til og notaði fyrstur alls kyns orð sem eru í dag svo rótgróin að okkur finnst að þau hljóti að vera sprottin beint upp úr frumbernsku tungumálsins. Allt frá hversdagslegum hlutum til vísindahugtaka og skáldlegra faguryrða:

Léttklæddur, óþverri, mannvirki, einfaldur, þjóðareign, eldsumbrot, lambasteik, rannsóknarefni, miðdepill, heimahöfn, endaleysa, framsókn, páfagaukur, leðurblaka, spendýr, bringusund, sólkerfi, líffæri, sporbaugur, himingeimur, ljóshraði, tortryggni, mörgæs og ótalmörg fleiri.

Líkt og Anna Sigríður Þráinsdóttir ritar í nýútkominni bók um nýyrði Jónasar er snilldin í orðum hans *fólgin í því hve áreynslulaus gerð þeirra virðist vera. Þau falla svo vel og eðlilega að málinu að það er eins og þau hafi alltaf verið þar.*

Auðvitað er það eðlileg málþróun að hin ýmsu tökuorð og slettur geri sig heimakomin hjá okkur en við höfum löngum verið þrjóskari en flestar þjóðir í nýyrðasmíðinni og engin ástæða til að gefa eftir þar. Tökum Jónas okkur til fyrirmyndar.

Málið okkar er varðeldur sem við reynum hvað við getum að halda logandi. Semjum ný orð og notum þau. Bætum þurrum sprekum á bálið fremur en að blása stöðugt veiklulega í sömu glærurnar.

Þá getum við að minnsta kosti yljað okkur yfir svartasta veturinn.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

Eldri borgarar fóru í Fjörðinn

Eldri borgarar á Seltjarnarnesi héldu í Hafnarfjörð 15. nóvember sl. Farið í Hafnarfjarðarkirkju og Byggðarsafnið.

Ferðin var á vegum félagsstarfs aldraðra á Nesinu og Seltjarnarneskirkju. Ferðalangar þakka fyrir góðar móttökur í Firðinum. Myndin var tekin í ferðinni.

Verk Jóns Sigurðar í Gallerí Gróttu

Þessi bók með 105 verkum eftir Jón Sigurður Thoroddsen kom út á vegum Pennans Eymundsson árið 2021.

Nú stendur yfir í Gallerí Gróttu sýning á verkum eftir Jón Sigurð Thoroddsen. Jón Sigurður fæddist um miðbik liðinnar aldar og málaði mikið í þeim anda sem varð til þegar ungdómur Vesturlanda gerði uppreisn gegn ríkjandi hefðum eftir miðja síðustu öld.

Verk Sigurðar einkennast af sterkri litanotkun og fágaðri myndbyggingu en undir niðri krauma átök tímabilsins sem einkennir myndefni hans og leitin eftir öðru en því hefðbundna. Jón Sigurður dvaldi á yngri árum í París, München og Kaupmannahöfn.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

ÁHUGVERÐAR BÆKUR!

HRAFNINN
- stórbrotin bók, stútfull af sögum og fróðleik, um heimsins klókasta fugl.

STAFRÓF FUGLANNA
- afar falleg bók, eftir Árna Árnason, fyrrum kennara og nú fuglaljósmyndara. Sannkölluð fjölskyldubók!

STUNDUM VERÐA STÖKUR TIL ...
- skemmtileg atvik og viðburðir verða ljóslifandi í gleði og gáska þar sem skeytin fljúga í allar átti.

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

GRÓTTUSÍÐAN www.grotta.is

Haustmót í áhaldafimleikum

Grótta sendi 13 glæsilega keppendur á haustmót í áhaldafimleikum sem fór fram í Ármanni helgina 29. – 30. október. Iðkendur kepptu í frjálsumæfingum, 2. og 3. þrepi.

Í frjálsum æfingum varð Lovísa í 3. sæti í fjölþraut og á slá í unglingaflokki og Freyja sigraði á stökki og varð í 3. sæti á tvíslá í kvennaflokki. Júlían keppti á gólfi og stökki, hann varð í 3. sæti á stökki. Hann var að keppa í áhaldafimleikum í fyrsta sinn og við hlökkum til að sjá meira af honum á þessum vettvangi.

Harpa sigraði á gólfi í 2. þrepi og Nína sigraði á stökki og varð í 2. sæti á tvíslá. Arnheiður Maja sigraði á tvíslá og gólfi í 3. þrepi.

Þrjú lið í hópfimleikum

Grótta átti 3 lið í hópfimleikum á mótaröð 1 sem fór fram á Akranesi helgina 5. - 6. nóvember. Mótaröðin er nýtt keppnisfyrirkomulag. Keppt er í mjúkri lendingu sem gefur iðkendum tækifæri á að keppa með ný stökk. Einnig má skrá fleiri keppendur í lið og ekki gerð krafa um að keppa í gólfæfingum til þess að mega keppa á hinum áhöldunum.

Ármann Grótta keppti með sameiginlegt lið í meistaraflokki en samstarf hófst hjá liðunum fyrir keppnistímabilið. Þær kepptu með nýjan dans og helling af nýjum stökkum og stóðu sig þvílíkt vel.

1. flokkur gerði sér lítið fyrir og endaði í 3. sæti samanlagt af 17 liðum. Frábær árangur hjá þeim. Liðið er á mikilli uppleið og stefnan er sett hátt.

Stelpurnar í 2. flokki eru nýkomnar upp í flokkinn, þær kepptu einnig með nýjan dans og fullt af nýjum stökkum.

Haustmót yngri flokka í hópfimleikum

Haustmót yngri flokka fór fram á Selfossi um helgina en þar kepptu lið úr 4. og 3. flokki ásamt KKY/E.

Grótta átti 6 lið á mótinu en stór hluti keppenda var að taka sín fyrstu skref í keppni. Það verður gaman að fylgjast með þessum flottu krökkum í framtíðinni.

Við erum mjög stolt af liðunum okkar. Innilega til hamingju með mótið keppendur og þjálfarar!

Grótta fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Á hópmyndinni eru frá vinstri, Andri Stefánsson, Guðjón Rúnarsson formaður fimleikadeildar, Arnkell Bergmann Arnkelsson formaður handknattleiksdeildar, Þröstur Þór Guðmundsson formaður Íþróttafélagsins Gróttu, Þorsteinn Ingason formaður knattspyrnudeildar og Gunnlaugur Jónsson íþróttastjóri félagsins.
Eyjólfur Garðarsson tók myndina við þetta tilefni.

Íþróttafélagið Grótta fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ á fundi aðalstjórnar í vallarhúsi Gróttu miðvikudaginn 2. nóvember síðastliðinn.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ sem afhenti viðurkenningarnar til fulltrúa aðalstjórnar og allra deilda félagsins, þ.e. knattspyrnu-, handknattleiks- og fimleikadeildar. Félagið hlaut fyrst viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2005. „Við hjá Íþróttafélaginu Gróttu erum stolt og þakklát fyrir að fá viðurkenningu ÍSÍ sem Fyrirmyndarfélag. Það er afar mikilvægt fyrir félagið að ná þessu markmiði enda keppist Grótta við að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum“, sagði Þröstur Þór formaður félagsins af þessu tilefni.

Gróttustelpur á Krónumóti HK

Hressar og kátar Gróttustelpur í 6. og 7. flokki héldu á sitt fyrsta mót vetrarins helgina 5. og 6. nóvember sem fór fram í Kórnum í Kópavogi.

Grótta fór með fjögur lið úr 6. flokki kvenna og þrjú lið úr 7. flokki kvenna á mótið. Stelpurnar stóðu sig mjög vel, mikil gleði var við völd og spiluðu stelpurnar vel saman.

VERSLAÐU MEÐ HJARTANU!

Gjöf sem gleður
Mandölur, perlufestar, happahálsmen, armbönd og aðrir gimsteinar og gefandi skart.

Skál í engiferkakói!
Hlýjaðu þér og nærðu þig hjá okkur.

Hrein & handunnin reykelsi
Sacred Elephant eru eðal reykelski sem allir elska.

Allt það besta fyrir hugleiðslu og jóga
Dekraðu við þig og þína.

Systrasamlagið

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Jólavörurnar
eru á Grandanum
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
SAMAN Í 60 ÁR
BYKO
GRANDI